

Stjórnarfundur FEB nr. 492, þriðjudagur 06.2.2024 kl. 13:30 að

Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Ingibjörg Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Stefanía Valgeirsdóttir, Viðar Eggertsson og Ástrún Björk Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Kolbrún Stefánsdóttir og Gunnar Magnússon

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Á fundinn voru mætt Heiðar Þór Karlsson og Elsa Petra Björnsdóttir frá Deloitte endurskoðun. Þau kynntu ársreikning félagsins fyrir árið 2023. Lítilvægar athugasemdir voru gerðar og verður það lagfært. Deloitte mun senda ársreikninginn rafrænt til stjórnar og stjórnarmenn undirrita rafrænt. Skoðunarmenn undirrita í framhaldinu
2. Stjórnarfunderð nr. 491 var undirrituð og samþykkt.
3. Undirbúningur fyrir aðalfund sem verður haldinn 21.febrúar næstkomandi.
 - a. Stjórn FEB samþykkti að leggja til á aðalfundi FEB að árgjald FEB fyrir árið 2024 haldist óbreytt frá því árið áður eða kr. 5.600, þrátt fyrir almennar verðlagshækkanir og að aðildargjald að LEB hafi hækkað um 100 kr. per. félagsmann
 - b. Tillaga um lagabreytingu sem verður lögð fyrir aðalfund af laganeftnd, kynnt fyrir stjórn.
 - c. Uppstillingarnefnd mun ljúka störfum á hádegi miðvikudaginn 7. feb. eða 2 vikum fyrir boðaðan aðalfund.
 - d. Stjórn ákvað að skipa eftirtalda félagsmenn í kjörnefnd:
Jóhönnu Ragnarsdóttur
Sigríði Ástu Hallgrímsdóttur
Óskar Magnússon
 - e. Ennþá hefur ekki tekist að finna fundarstjóra en formanni og framkvæmdastjóra var falið að afgreiða það sem allra fyrst.
 - f. Stjórn FEB samþykkti að vera með ályktun um hjúkrunarheimili á aðalfundi. Formaður mun orða ályktunina
4. Sýslumaður hefur sent FEB staðfestingu um afmáningu kaupsamnings Félagsbústaða um íbúð í Hólabergi 30 enda hafði FEB ekki samþykkt forkaupsrétt þeirra. FEB hefur upplýst formann húsfélags Hólabergs 30 en mun ekki aðhafast frekar í málinu.
5. Stjórn FEB samþykkti að nota siðareglur LEB sem grunn að siðareglum FEB og var einum stjórnarmanna falið að klára endanlega siðareglur FEB m.v. þessar forsendur. Siðareglur FEB munu vera aðgengilegar á heimasíðu FEB fyrir aðalfund 2024.
6. Önnur mál
 - a. Stjórn og starfsmenn munu hittast og borða saman þriðjudaginn 20. febrúar kl. 18. Framkvæmdastjóri mun boða fólkioð.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.30.

Ingibjörg Sverrisdóttir

Árni Gunnarsson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir
Stefanía Valgeirsdóttir, Viðar Eggertsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir